

## Breytt talning lánþega samkvæmt L-skýrslum

Forsendum fyrir talningu lánþega í L-skýrslunum hefur verið breytt. Í ljós kom að skilgreining á gildum lánþegum var röng í árslokatalningunni (L-skýrslur). Í stuttu máli taldi árslokatalningin (L-skýrslur) einungis lánþega með gilt skírteini á árinu sem hafði verið stofnað eða endurnýjað á sama ári, þ.e.a.s. skírteini er gilt í árslok 2019 og það hafði líka verið stofnað eða endurnýjað árið 2019. Þarna lenti slatti af lánþegum á milli stafs og hurðar. Fjöldinn er mjög mismikill eftir söfnum, enda hafa flest söfn með þá meginreglu að láta lánþegaskírteini gilda í eitt ár. Ef borinn er saman fjöldi lánþega og notuð skýrsla L01 – *Fjöldi lánþega eftir lánþegastöðu* samkvæmt gömlu og nýju aðferðinni er munurinn umtalsverður. Samkvæmt nýju aðferðinni eru lánþegar með gilt skírteini í árslok 2019, 230.727 en samkvæmt gömlu aðferðinni er fjöldi lánþega við árslok 159.603. Mismunurinn er 71.124 lánþegar.

Á vef Landskerfis höfum við nú skipt út gömlu L-skýrslunum fyrir þær nýju.

Til samanburðar er hér tafla:

[https://landskerfi.is/sites/default/files/public/nyja\\_og\\_gamla\\_adferdin\\_listi\\_yfir\\_sofnin\\_.pdf](https://landskerfi.is/sites/default/files/public/nyja_og_gamla_adferdin_listi_yfir_sofnin_.pdf)

þar sem sjá má heildarfjölda lánþega eftir söfnum, bæði samkvæmt nýju og gömlu aðferðinni, ásamt mismuninum á fjölda lánþega. Einnig eru upplýsingar um virka lánþega, þ.e.a.s. þá lánþega sem fengu eitthvað lánað á yfirstandandi ári.

Athugið að vegna undirbúnings fyrir nýtt bókasafnskerfi var gildistíma skírteina breytt kerfisbundið um mitt sumar 2019. Það skýrir að hluta til hin mikla mun á milli þessara tveggja aðferða. Búast má við að um næstu áramót fækki gildum lánþegum aftur þar sem að gildistími hluta þeirra skírteina sem breytt var kerfisbundið mun renna út.

Breytingin á talningu lánþega var óhjákvæmileg. Það er ljóst að lánþegar samkvæmt L-skýrslunum voru lánþegar vantaddir þótt að hluta af mismuninum megi rekja til óvirkra lánþega. Ef bornar eru saman upplýsingar um fjölda virkra lánþega 2019 (virkur lánþegi er sá sem að hefur fengið lánað á árinu) samkvæmt skýrslu U15 – *Virkir lánþegar og útlán eftir kyni og ári* og fjölda lánþega samkvæmt skýrslu L01 – *Lánþegar eftir lánþegastöðu* gömlu aðferðinni sést að virkir lánþegar eru fleiri en fjöldi lánþega með gilt skírteini. Til dæmis voru á Bókasafni Akraness 1.722 virkir lánþegar samkvæmt skýrslu U15 en samkvæmt L01 gömlu aðferðinni voru lánþegar 1.506 eða rúmlega 200 færri en þeir lánþegar sem fengu lánað á safninu.

## Skilgreining á talningu fjölda lánþega

### **Gömlu L – skýrslurnar (2016 – 2018)**

Lánþegi er með gilt skírteini í árslok og skírteinið er stofnað eða endurnýjað sama árið. Lánþegaskírteini sem voru stofnuð fyrr en yfirstandandi ár voru ekki talin með.

### **Nýju L-skýrslurnar (2019 - )**

Lánþegi er með gilt skírteini innan yfirstandandi árs. Þ.e.a.s. það skiptir ekki máli hvenær skírteinið var stofnað eða endurnýjað svo fremi sem það var gilt einhvern tímann á yfirstandandi ári.

### ***M-skýrslur***

Athugasemd – forsenda þess að lánþegi sé talin með í M-skýrslunum er að hann finnist í þjóðskrá í lok yfirstandandi árs. Látnir og brottfluttir teljast ekki með, jafnvel þótt þeir hafi verið með gilt skírteini á yfirstandandi tímabili. Engu að síður gefa skýrslurnar góða vísbendingu um fjölda lánþega á tímabilinu.